



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

ÍSLANDSMEISTARAMÓT FULLORÐINNA Í KATA 2014

Íslandsmeistarmót í kata haldið í Íþróttahúsi Hagaskóla, laugardaginn 8. mars.

Laugardaginn 8.mars, fór fram Íslandsmeistaramótið í kata fullorðinna í Hagaskóla. Góð þátttaka var á mótinu og mættu um 25 einstaklingar og 7 lið, frá 6 félögum. Í einstaklingskata karla gerði Kristján Helgi Carrasco, Víking, sér lítið fyrir og vann eftir að hafa lagt 2 fyrrum Íslandsmeistara að velli. Í fyrstu umferð mætti Kristján Helgi Pathipan Kristjánssyni, Fjölnir, sem vann 2008, en í undanúrslitum vann Kristján Helgi Elías Snorrason, KFR, sem sigraði 2010 og 2013. Í úrslitum mætti Kristján Helgi honum Sverri Magnússyni, KFR. Þetta er því í annað sinn sem Kristján Helgi sigrar í kata en hann vann einnig 2012, þess má einnig geta að Kristján Helgi varð þefalldur kumitemeistari á síðasta Íslandsmeistaramóti í kumite og er núverandi bikarmeistari karla. Í kvennaflokki var spennan ekki síðri, en fyrir mótið var ljóst að nýr meistari yrði krýndur þar sem Aðalheiður Rósa Harðardóttir meistari síðustu 3 ára myndi ekki taka þátt í ár vegna meiðslna. Í úrslitum kepptu landsliðskonurnar Kristín Magnúsdóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir, báðar úr Breiðablik. Svo fór að Kristín vann Svönu 3-2 og með því varð Kristín tvöfaldur Íslandsmeistari þar sem hún vann einnig Hópkata með liðsfélögum sínum í Breiðablik, þeim Svönu Köllu og Katrínu Kristinsdóttur. Þetta er þriðja árið í röð sem Kristín og Svana vinna Hópkata með Breiðablik, hin tvö árin með Aðalheiði. Í Hópkata karla unnu Breiðabliksmenn fjórða árið í röð, í sigursveitinni voru Davíð Freyr Guðjónsson, Heiðar Benediktsson og Magnús Kr. Eyjólfsson. Þegar öll stig voru tekin saman varð það ljóst að Breiðablik vann stigakeppnina fjórða árið í röð og er því Íslandsmeistari félaga í kata fullorðinna. Yfirdómari á mótinu var Helgi Jóhannesson, mótsstjórar voru Agnar Helgason og Þrúður Sigurðar.

Heildarúrslit:

Kata kvenna

- 1.Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik
- 2.Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik
- 3.Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik
- 3.Erla Kristín Arnalds, Breiðablik

Kata Karla

- 1.Kristján Helgi Carrasco, Víkingur
- 2.Sverrir Magnússon, KFR
- 3.Heiðar Benediktsson, Breiðablik
- 3.Elías Snorrason, KFR

Hópkata karla

- 1.Breiðablik; Davíð Freyr, Heiðar, Magnús kr.
- 2.Pórshamar; Bogi, Eiríkur, Sæmundur
- 3.Breiðablik B; Aron, Hólmgeir, Jökull

Hópkata kvenna

- 1.Breiðablik; Kristín, Katrín, Svana Katla
- 2.Pórshamar; María, Lára, Sólveig

3.Akranes; Eydís, Hafdíð, Valgerður

Heildarstig félaga:

- 1.Breiðablik, 22 stig
- 2.Pórshamar, 8 stig
- 3.Víkingur, 3 stig
- 3.KFR, 3 stig
- 5.Akranes, 2 stig